

41
2. maí

2. gr.
Tilgangur sjóðsins er sá, að bæta úr brýnustu þörfum fátækra sængurkvenna í Svarfaðardalshreppi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða eða það sem við hann er lagt og ber hreppsnefndinni að ávaxta hann á öruggan og góðan hátt. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn unz hann er orðinn 2000,00 — tvö þúsund — krónur. Eftir það leggst $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ þeirra falla til útborgunar. Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal hreppsnefndin árlega semja reikning hans, ásamt sveitarsjóðsreikningi og færa innstæðu sjóðsins á eignaskýrslu hreppsreiknings, en sýslunefnd endurskoðar og úrskurðar reikninginn. Reikning sjóðsins ber að innfæra í dagbók hreppsins.

5. gr.

Úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum hafa á hendi þrjár konur, sem kosnar eru meirihlutakosningu á lögmetum sveitarfundi til óákveðins tíma. Ætíð skal kosning fram fara, þegar sæti losnar í nefndinni í auða sætið.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 1. maí 1933.

Stefán Kristinsson. Jóh. Jóhannesson.

42
11. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd.

1. gr.

Í umdæmi Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak. Bannað er að gefa þeim það eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

42

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi barnaverndarnefndar eru óhollar börnum og unglingum. 11. maí

3. gr.

Leiksýningar og aðrar opinberar skemmtanir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára sé seldur aðgangur að skulu sýndar barnaverndarnefndinni áður, eða henni gefnar nákvæmar upplýsingar um þær, og getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað, að börn og unglingar fái aðgang að þeim.

4. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki selja blöð og bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1934.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 11. maí 1934.

Dorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

43

um breyting á reglugerð um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað. 15. maí

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Vatnsskattskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrir en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar, ef útaf bregður.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar skal vera svohljóðandi:

Gjaldárið er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa er 1. júlí árlega, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 1.